

Bókun á „verk í vinnslu“

Í þeim tilvikum þegar fleiri en einn kostnaðarreikningur stendur á bak við eina eign t.d. bygging húsnæðis, viðhald eigna, hugbúnaðargerð o.fl. þá er gert ráð fyrir að farið sé með þær færslur í gegn um lið sem kallaður er „verk í vinnslu“. Þar er öllum reikningum safnað saman á þann lið og síðan þegar byggingu eða kaupum er lokið þá færast kostnaðarverð í einni tölu á viðkomandi eignalið í eignaskrá.

Bókunarferli:

1. Allir kostnaðarreikningar sem tilheyra verki í vinnslu eru bókaðir á viðeigandi gjaldegund með bókunartákni 22. Á heimasíðu FJS er listi yfir tegundir sem leyfilegt er að nota vegna verka í vinnslu, sjá [hér](#).
2. Ef stofnun er með fleiri en eitt verk í vinnslu í einu þá þarf að stofna víddir til að aðgreina verkin. Ekki skal nota vídd þegar verki er lokið og það flutt í eignaskrá. Þegar verk hefur verið flutt í eignaskrá ætti staðan á víddinni að vera á 0 (vegna debet bókunar). Hægt er breyta heiti á vídd og nota hana aftur.
3. Sjálfvirk keyrsla fer af stað þegar notað er bt. 22 og flytur af gjaldegund með bt. 23 yfir á tegund 18011 eða 18012 eftir því hvaða tegundalyklar voru notaðir í færslunni.
4. Þegar verki er lokið þarf viðkomandi stofnun að flytja kostnað við verkið af tegund 18011 eða 18012 á viðeigandi eignalykil 18xxx og flyst eignin þar með í FA (eignaskrá). Mikilvægt er að nota það viðfangsefni þar sem afskrift eignarinnar á að gjaldfærast á. Færslunni skal fylgja hreyfingalisti sem sýnir hvaða færslur/reikninga er verið að eignfæra.
5. Bókhaldssvið FJS annast bókanir færslna fyrir stofnanir í bókhaldsþjónustu eftir uppgjörum frá þeim.
6. Við ársuppgjör skal gera grein fyrir hvaða verk eru í vinnslu í árslok.